

Umsögn: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum (kynjahlutföll)


Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi fagnar frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum og lítur á breytinguna sem skref í rétta átt. Þó er hrópanði vöntun á einu. Fólk er ekki endilega karlar eða konur.

Sumir einstaklingar skilgreina sig einfaldlega ekki sem konu eða karl heldur eru utan kynjatvíhyggjunnar, einhvers staðar þar á milli eða með flæðandi kynvitund. Hvar munu þeir einstaklingar lenda í þessari löggjöf? Í lögum um kynrænt sjálfræði er einstaklingum veitt heimild til að skrá kyn sitt sem hlutlaust, og skv. frumvarpi til laga um mannanöfn er þeim einstaklingum einnig veitt sú heimild að heita kenninafni er ber hlutlausa endingu, þ.e. ekki -son eða -dóttir.

Samfélagið okkar breytist hratt og við erum komin langt frá hinni hefðbundnu kynjatvíhyggju og því eru þessi lög jákvæð í þeim skilningi að ná fram jafnrétti milli karla og kvenna, en þau fjalla á engan hátt um einstaklinga með hlutlausa kynskráningu, og það er miður.

Að lokum vilja Samtökin '78 óska allsherjar- og menntamálanefnd velfarnaðar og um leið beinum því til nefndarinnar að Samtökin '78 eru reiðubúin að koma fyrir nefndina til að rökstyðja umsögn okkar ásamt því að svara spurningum nefndarfólks.

Fyrir hönd Samtakanna '78,



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður